Klifur í Búahömrum

2019

Jónas G. Sigurðsson

KLIFURÍS

ÍSALP

Efnisyfirlit

Inngangur.....3

Fyrsti hluti - Sumar.....13
- Lykkjufall.....15
- Fýlabeinsturninn.....15
- Rifin.....16
- Nálin.....17
- Loki.....19
- Kuldaboli.....19
- Turnarnir.....21
- Hryggirnir.....23

Annar hluti - Vetur.....25
- 55° Norður.....27
- Lykkjufall.....28
- Tvíburagil.....29
- Spólan.....31
- Rifin.....32
- Nálin.....33

Heimildaskrá.....34

Inngangur


Fyrir klifrara á suðvesturhorninu hefur klifursvæðið í Búahömrum, í sunnanverðri Esju, löngum verið vinsælt vegna þess að þar er hægt að stunda fjölbreytlegt klifur. Búahamrar eru eina klifursvæðið á Íslandi sem að þar sem hægt er að fara í einnar spannar eða fjölspanna sportklifur eða dótaklifur, grjótglímu, ís- eða snjóleiðir eða þær sem eru blandaðar af þessu og sígildar alpaklifurleiðir.



Fyrst var sagt frá klifursvæðinu í Búahömrum í leiðarvísi um Esju sem Snævarr Guðmundsson og Magnús T. Guðmundsson rituðu og Ísalp gaf út árið 1985. Snemma á 21. öld var gefin út einskonar uppfærsla á þessum leiðarvísi en hann innihélt aðeins 8 leiðir sem voru allar annaðhvort sport eða dótaklifurleiðir. Höfundur þessa leiðarvísis er ókunnur.

Búahamrar draga nafn sitt af tindinum Búa sem er ofan við vestari hluta hamrana. Búahamrar afmarkast af Grundará og Gljúfurdal í vestri og Mógilsá í austri. Búi var

maður sem sagt er frá í Kjalnesingasögu. Þar segir að þegar að Búi var tólf vetra gamall, var honum stefnt fyrir rangan átrúnað og dæmdur sekur skógarmaður. Einn af stöðunum sem Búi á að hafa varið útlegð sinni er í Búahelli. Búahellir er í Laugargnípu í Vesturbrúnum Esjunnar og snýr hellirinn að Tindinum Búa og Búahömrum. Sagt er að þar hafi verið sæluvist, enda hellirinn rúmgóður og þar var einnig baðlaug. Sögur gengu af því að mjög erfitt væri að komast í Búahellinn og væri sennilega léttast að síga niður í hann og svo þaðan alveg niður á jörð. Sjáum til hvað klifrarar segja til um það.



Þessum leiðarvísi er skipt upp í tvo hluta, sumarklifur og vetrarklifur. Fyrri hlutinn tekur fyrir sportklifur, dótaklifur og fjölspannaklifur í klettum. Seinni hlutinn tekur fyrir ísklifur, snjóklifur, blandað klifur (e. Mixed climbing) og alpaklifur.

Þessi skipting var valin þar sem að ástand hamrana er gjörólíkt milli þessara árstíða og óheppilegt að teikna inn sportklifurleiðir á yfirlitsmynd sem er á kafi í snjó og öfugt er erfitt að teikna inn ísleið þar sem að einungis eru blautir klettar. Burt séð frá því er ekkert sem stoppar klifrara að klifra Svarta turninn í desember.

Markmið þessa leiðarvísis er að uppfæra þann sem fyrir var, og er kominn til ára sinna. Með því að skipta svæðinu upp á þennan hátt er vonast til að klifurleiðirnar verði aðgengilegri og auðveldari að finna. Klettabeltið spannar nefnilega tvo kílómetra og er sundurskorið af fjölda gilja, skorninga auk stalla og syllna. Hver veit hvað er meira að finna í hömrunum?

Í þessum leiðarvísi eru hinar ýmsu myndir. Flestar myndana sem hér birtast og eru ónafngreindar eru teknar af höfundi að undanskyldum myndum í vetrarhluta, þær eru teknar af Matteo Meucci. Aðrar myndir hafa skammstöfun myndasmiðs í sviga fyrir aftan myndtexta. Þeir myndahöfundar eru Björgvin Hilmarsson, Guðmundur Helgi Christensen, Haraldur Örn Ólafsson, Leifur Örn Svavarsson, Páll Sveinsson, Robert A. Askew og Stefán Steinar Smárason. Einnig á Snævarr Guðmundsson miklar þakkir skilið fyrir yfirlestur, og utanumhald á þessum miklu upplýsingum síðustu áratugi.

Hvernig á að komast í Búahamra

Frá Reykjavík er ekið eftir Vesturlandsvegi og undir Esjuna. Tveir staðir eru til að skilja við bíla. Til að komast að þeim fyrri er ekið inn á bílastæðið þar sem gönguleiðin á Þverfellshorn





Að ofan: Bjartur Týr Ólafsson boltar stansinn í Tveggja turna tali (JGS)

Til hægri: Róbert Halldórsson kominn úr erfiða og þurra hluta Himins og hafs og yfir á ísinn (BH)



byrjar. Í einu horninu á bílastæðinu er slóði sem er hálf falinn á bak við tré. Akið slóðann upp undir Fálkaklett þar til tveir steinar tálma för. Frá þessum steinum er stutt ganga að vinsælum sumarleiðum í austanverðum hömrunum. Annar staður sem hefur verið notaður til að skilja við bíla er aðeins nær Kjalarnesi. Það bílastæði hentar betur til að nálgast vetrarleiðir eða leiðir sem eru í vestari hluta hamranna. Þá er beygt inn við bæinn Skriðu og ekið áleiðis inn að bænum þar til komið er að flötum grasbala. Búið er á Skriðu svo að klifrarar þurfa að gæta þess að skilja við bíla sína þannig að þeir séu ekki fyrir ábúendum á Skriðu eða í óþökk þeirra.

Saga klifurs í Búahömrum

Elstu klifurleiðirnar í Búahömrum eru Flatnasi, sem var fyrst klifruð árið 1979 og 55°N, sem var frumfarin árið 1980, báðar af Snævari Guðmundssyni og Torfa Hjaltasyni. Á árunum 1982 - 1988 voru margar leiðir farnar í Búahömrum. Flestar þeirra voru snjó- og ísleiðir en nokkrar á klettum. Þeir Snævarr Guðmundsson, Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson voru mest áberandi í frumferð nýrra leiða á þessu tímabili. Uppúr 1990 fór Snævarr að skoða möguleika á sportklifurleiðum í Búahömrum og úr varð fyrst Rauði turninn og því næst Mefisto. Á sama tíma hófust Páll Sveinsson, Guðmundur Helgi Christensen og Björn Baldursson handa við að skoða hvað var eftir af leiðum til að klifra. Í kringum 1994 fóru nokkrir klifrarar að skoða möguleika í Fýlabeinsturninum fyrir erfiðar sportklifurleiðir. Þar frumfór Björn Helgrímu og Vítisbjöllur, sem enn eru erfiðustu leiðirnar á svæðinu. Eftir það tóku að bætast við fleiri boltaðar leiðr. Lítið bættist við af nýjum leiðum þangað til veturinn 2008-2009 en þá voru farnar sex nýjar blandaðar klifurleiðir í Tvíburagili. Svarti turninn var frumfarin sumarið 2009. Þessi leið varð fljótlega vinsælasta leiðin í Búahömrum og er sennilega mest klifraða fjölspannaleiðin á Íslandi. Síðan 2009

hafa einhverjar leiðir týnst til og horfa klifrarar nú til Kuldabola rétt vestan við Svarta turninn sem býður upp á fínasta sportklifur.


Aðstæður

Klifrið í Búahömrum er jafn fjölbreytt og klifurleiðirnar sem þar eru í boði. Á mörgum stöðum í hömrunum er hægt að komast í fast og gott berg en á öðrum er það frekar laust og rotið. Allar leiðir í Búahömrum eiga það sameiginlegt að hafa vissa hættu á grjót- eða íshruni. Viðtæk venja í sportklifri er að stunda það hjálmlaus, þó svo að hjálmanotkun sé á uppleið, þetta á þó ekki við í Búahömrum og þar ber **alltaf að nota hjálm**!

Búahamrar snúa að mestu leiti til suðurs eða suðvesturs og snúa því á móti sólu nánast allan daginn og margar leiðir njóta kvöldsólar. Þetta er frábær kostur fyrir sumarleiðirnar en getur verið erfitt fyrir margar vetrarleiðir. Leiðirnar hjá 55°N og Nálarauganu eru oft í bestum aðstæðum í desember og janúar þegar sem minnst sólarljós skín á hamrana. Tvíburagil er aftur á móti gilskorningur sem nýtur meiri skugga og er því ekki eins háður birtustigi. Tvíburagil og aðrar leiðir í giljum og skorningum eru oftast í bestum aðstæðum í köldustu mánuðunum, febrúar eða byrjun mars.

Jarðfræði (eftir Dr. Robert A. Askew)

Esja massif is comprised of a 2.4 km thick sequence of volcanics: lavas, hyaloclastites (móberg), volcanoclastic sediments and intrusives. The oldest exposed rocks in the area are around 3 million years old and progresses to the east to around





Til vinstri: Páll Sveinsson í Dyragættinni (GHC)

Að neðan: Ívar “Hardcore” Finnbogason í Hagsmunagæslunni (BH)



<1 million years old. Within the Esja massif are the 3 volcanoes of Kjalarnes (2.8 My), Hvalfjörður (2.0 My) and Stardalur (1.7 My).

Búahamrar is an plagioclase phyric olivine tholeiite dolerite sill (known as the Þverfell intrusion), part of the Kjalarnes volcano, which intruded into hyaloclastites and lavas and caused some deformation of these surrounding volcanics. The sill was formed during the later stages of the Kjalarnes volcano’s activity around 2 million years ago along with a significant number of other dykes, sheets and sills altogether totalling around 1 km thickness. Búahamrar itself is irregularly jointed and was intruded as a 1 km long and 200 m thick horizontal to sub horizontal sill. The lavas and hyaloclastites into which the sill intruded were erupted in glacial (hyaloclastites) and interglacial (lavas) periods during the Pleistocene.

Subsequently the Esja stratigraphy has undergone some low grade hydrothermal metamorphism, causing zeolites to form within veins, fractures and vesicles. Though the sill shows no vesicularity zeolites are visible throughout the cliffs in fractures and veins. Part of this hydrothermal process concentrated gold into a vein running east west beneath Þverfell. During later glacial periods Esja was eroded and exposed, after the last glaciation the area isostatically rebounded and unstable mountain slopes occasionally collapsed, as visible in the landslide debris below Þverfell and many other areas.

Gráðun og gráðukerfi í notkun

Í þessum leiðarvísi er fjallað um mismunandi gerðir klifurs og þar af leiðandi er notast við ólíka gráðukvarða.

Sumarklifurleiðirnar eru annaðhvort dótaklifurleiðir (e. Traditional climbing, Trad) eða sportklifurleiðir með boltum og augum. Þessar leiðir eru í þessum leiðarvísi gráðaðar

með sama gráðukerfinu, YDS (Yosemite Decimal System). Í Búahömrum eru leiðirnar á bilinu 5.4 og upp í 5.13b. Í leiðarvísi um Esjuna frá 1985 er stuðst við UIAA (Union Internationale des Associations d'Alpinisme) gráðukerfið, sem var vinsælt í Evrópu á þeim tíma. Í einhverjum tilfellum hefur gráðan verið umrituð á milli gráðukerfa í þessum leiðarvísi og er áhugasömum bent á skoða upprunalega leiðarvísinn til að sjá þá gráðun. UIAA gráðukerfinu er lýst ítarlega í Ísalp tímariti 16 frá 1980 en í auðveldlega má bera YDS og UIAA saman í töflunni hé til hliðar.

YDS	UIAA
3-4	I
5.0	
5.1	II
5.2	
5.3	III
5.4	IV
5.5	IV+/V-
5.6	V
5.7	V+
5.8	VI-
5.9	VI
5.10a	VI+
5.10b	VII-
5.10c	VII
5.10d	VII+
5.11a	
5.11b	VIII-
5.11c	
5.11d	VIII
5.12a	VIII+
5.12b	
5.12c	IX-
5.12d	IX
5.13a	IX+
5.13b	
5.13c	X-
5.13d	X

Vetrargráðurnar eru fjölbreyttari. Fyrstu vetrarklifurleiðirnar voru gráðaðar með Skoska vetrargráðukerfinu. Skoska kerfið er áhugavert að því leiti að það var notað til að lýsa snjó, ís og alpaklifri með sama skala og einnig er hægt að lýsa blönduðu klifri. Í 11. tímariti Ísalp fréttablaðsins frá 1979 er þessu kerfi lýst á eftirfarndi hátt:

1. Gráða - Einföld snjóleið. Erfiðleikar litlir. Yfirleitt samfelld brekka eða gil. Getur verið minni háttar hengja í toppinn. Tryggingar yfirleitt ekki nauðsynlegar fyrir vana. Fall getur verið hættulegt.
2. Gráða - Brött gil með hengjum og/eða íshöftum/hafti. Tryggingar nauðsynlegar. Brattir fjallshryggir, ísaðir ef til vill með bröttum köflum.
3. Gráða - Erfiðar leiðir, aðeins fyrir vana ísklifrara. Millitryggingar geta verið nauðsynlegar. Brött snjó/ís-höft algeng. Erfiðar hengjur. Heildar bratti mikill.

4. Gráða - Mjög erfiðar leiðir, bratti mikill. Mikið um erfiða kafla, ísveggi - hengjur. Leiðir sem ekki eru nógu langar til að teljast til hæstu gráðu. Tryggingar ef til vill lélegar.
5. Gráða - Erfiðustu ísklifurleiðir. Aðeins fyrir mjög færa ísklifrara. Ekki færar nema við bestu skilyrði. Gjarnan langar. Oft erfitt um öruggar tryggingar.

Ísklifurleiðir eru gráðaðar með WI skalanum þar sem WI stendur fyrir Water Ice. Skalinn nær frá WI 2 og upp í WI 7- á Íslandi en nær upp í WI 11 úti í heimi. Skalanum er lýst á eftirfarandi hátt:



WI 2 - Ekki mjög bratt klifur, samfelldur 60° ís. Með góðri tækni geta WI 2 leiðir verið klifraðar með einni exi.

WI 3 - Yfirleitt samfelldur ís í 60° - 70° bratta með köflum öðru hvoru sem geta verið nánast lóðréttir í allt að 4 metra.

WI 4 - Nánast lóðrétt höft upp að 10 metrum, samfellt klifur sem krefst þess að koma fyrir tryggingum úr erfiðum stöðum.

WI 5 - Nánast lóðrétt höft allt að 20 metrum, samfellt klifur sem krefst þess að nokkrum tryggingum sé komið fyrir í erfiðri stöðu með fáum góðum hvíldum.

WI 6 - Lóðrétt klifur í heila spönn (30 - 60 metrar) með engum hvíldum. Krefst mjög góðrar tækni og/eða góðs líkamlegs ástands.

WI 7 - Samfellt og yfirhangandi með engum hvíldum. Mjög sjaldgæfar.

Blandað klifur (e. Mixed climbing) er klifur þar sem að klifrað er með ísöxum og hluti af leiðinni er á bergi og hluti er á ís. Blandaðar klifurleiðir eru gráðað með M skalanum þar

sem M stendur fyrir Mixed. M skalinn svipar mjög til WI skalans og til gamans má geta að svipaður D skali er til fyrir þurrtólun (e. Dry tooling). Á Íslandi eru til blandaðar klifurleiðir upp í M 11 en í Búahömrum eru þær á bilinu M 3 - M 8. Skalanum er lýst á eftirfarandi hátt.

M 1-3 - Auðveldar leiðir, ekki brattar, yfirleitt hægt að klifra axalaust.

M 4 - Slabb og út í lóðrétt með einhverjum tæknilegum klettahreyfingum.

M 5 - Einhverjar lóðréttar klettahreyfingar í samfelldu klifri.

M 6 - Lóðrétt til yfirhangandi með erfiðum klettahreyfingum.

M 7 - Yfirhangandi, stífar og tæknilegar klettahreyfingar, minna en 10 metrar af erfiðu klifri.

M 8 - Einhver nánast lárétt yfirhöng með mjög erfiðum og tæknilegum klettahreyfingum eða lengri og stífari krúx en í M 7.

M 9 - Annað hvort samfellt lóðrétt eða aðeins yfirhangandi með tæpum eða tæknilegum axarfestum eða þak með stórum gripum sem er 2-3 líkamslengdir.

M 10 - Alla vegana 10 metrar af láréttu klifri eða 30 metrar af yfirhangandi klettaklifurhreyfingum með erfiðum hreyfingum og engum hvíldum.





Til hægri: Jónas G. Sigurðsson í Síamstvíburanum (BH)

Á vinstri síðu: Sigursteinn Baldursson á Nálinni (HÖÓ)



Til Vinstri: Björn Baldursson í Vítisbjöllum (SSS)

Fyrsti hluti - Sumar í Búahömrum





Lykkjufall er áberandi veggur sem er nánast beint fyrir ofan bæinn Skriðu og svo alveg út að Fýlabeinsturninum og er það svæði í Búahömrum sem liggur lengst til vesturs. Hér eru tvær sumarleiðir eins og er.


1. Lykkufall - 5.6 - Trad
   Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðmundsson - 1986
2. Aftur til fortíðar - P1: 5.7, P2: 5.7 - Trad
   Árni Tryggvason, Páll Sveinsson og Snævarr Guðmundsson - 1989

Fýlabeinsturninn er veggur sem grípur augað þegar gengið er undir Búahamra. Veggurinn er yfirhangandi u.þ.b. 20° og er ansi hár. Til að komast í sjálfann turninn þarf að klifra “via-ferrata” aðkomuspönn. Aðkomuspönnin er með stálvír.

3. Aðkoma - 5.5 - Via Ferratta
   Var lengi vafasöm siglína sem hafði veðrast talsvert, er núna bara fínt.
4. Helgríma - 5.13b - Sport
   Björn Baldursson - 2000
   Erfiðasta leiðin í Búahömrum. Eina klettaklifurleiðin á Íslandi með plastgripi.
5. Vítisbjöllur - 5.12c - Sport
   Björn Baldursson - 1996
   Frábær leið sem pumpar vel.

Rifin eru þrjú og þokkalega áberandi. Það tók nokkrar ferðir til að ná að klifra þau öll. Hér er eflaust hægt að finna fleiri línur.

6. Mefisto - P1: 5.12b/c, P2: 5.11a - Sport (þarfnast endurboltunar)
   Snævarr Guðmundsson - 1993
   5.7 aðkomuspönn sem var með fastri línu á tímabili, svipað og #3.
7. Mjöðmin - 5.5 - Trad
   Guðmundur Helgi Christensen og Páll Sveinsson - 1990
   Vinstra megin við rifin eru tvö áberandi horn, stefnt er á vinstra hornið. Gott berg.
8. Vesturrif - 5.4 - Trad
   Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðmundsson - 1986
9. Miðrif - 5.6/7 - Trad
   Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1985
   Erfið klettaklifurleið og opin í efsta hluta.
10. Austurrif - 5.7 - Trad
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1986
    Leiðin er ein spönn og allerfið.



Nálin er fallegt svæði í Búahömrum. Syllan í Nálinni er sennilega það svæði sem erfiðast er að komast á í Búahömrum. Annars vegar er hægt að velja eina af þremur klifurleiðum sem liggja þangað upp eða hinsvegar ganga upp Kuldabola gilið, ganga til vesturs og finna sigbolta sem leiða mann niður.

11. Gandreið - 5.10a - Sport
    Ásmundur Ívarsson og Jökull Bergmann - 1997
12. Garún Garún - 5.11d - Sport
    Sigurður Tómas Þórisson og Valdimar Björnsson - 2012
13. Dyragætin - 5.8 - Trad
    Guðmundur Helgi Christensen og Páll Sveinsson - 1990
14. Fárbauti - P1: 5.5, P2: 5.3 - Trad
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1986
    Beint upp hornið og upp á sylluna.
15. Laufey - 5.4 - Trad
    Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson - 1986
    Afbrygði af Nálinni, sameinast henni rétt áður en komið er upp á syllu.
16. Nálin - 5.4 - Trad
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1984
    Byrjar á klöngri upp á áberandi syllu. Nálin sjálf er turn sem klýfur sig frá veggnum. Sjá á mynd í inngang.
17. Krosssaumur - Trad
    Óþekkt - 1986
    Fer frá syllunni upp til hægri eftir augljósri sprungu í veggnum.



Að ofan: Af syllunni í Nálinni (RAA)

Loki er stórt pýramýdalaga rif sem stendur út úr Búahömrum. Sitthvoru megin við rifið eru ísklifurleiðir en klettaleiðirnar eru eftir hryggnum og austan megin við rifið. Hugsanlega eru tvær leiðir hægra megin við #20.


18. Loki - 5.4 - Trad
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1984
19. Þjösni - 5.8 - Trad
    Guðmundur Helgi Christensen og Snævarr Guðmundsson - 1987
20. Gleymska - 5.5 - Trad
    Snævarr Guðmundsson og Árni Tryggvason - 1990
    Annað klettarif austan við Loka.
21. Hvilftin - P1: 5.5, P2: 5.5 - Trad
    Snævarr Guðmundsson, Árni Tryggvason og Björn Vihjálmsson - 1991
    Hvilftin austan Loka, tvær spannir. Óstaðsett.

Kuldaboli er rauðleitur veggur sem snýr í austur. Þessi veggur er í næsta gili við Svarta turninn. Oft verið spáð í því hvort að veggurinn rúmi ekki fínasta sportklifur. Munið að leiðirnar hér eru nýjar og þarna geta leynst lausir steinar. Hér og í öllum leiðum í Búahömrum er skynsamlegt að vera með hjálm.



22. Leið í vinnslu - Sport
    Freyr Ingi Björnsson
23. Gerviglingur 5.5 - Sport
    Gunnar Ingi Stefánsson, Jónas G. Sigurðsson og Sif Pétursdóttir - 2018
24. Stór í Japan 5.7 - Sport
    Robert A. Askew - 2018
    Fullboltuð og löng, 28m. Fer upp vinstri hliðina á stuðli sem stendur út úr veggnum og sameinast þar Smiðsauga.
25. Smiðsauga 5.7 - Sport
    Jónas G. Sigurðsson - 2018
    Fullboltuð 26m. Byrjar við hringlaga gat í berginu (augað) og ferðast þaðan upp hægri hlið á stuðlinu. Sameinast 20. ofan á stuðlinum og fer þaðan upp á topp.
26. Eltu hvítu kanínuna - 5.9/5.10a - Sport
    Robert A Askew - 2019
    Fullboltuð leið, 10 boltar. Nýtir sama akkeri og Stór í Japan og Smiðsauga.
27. Giljagaur 5.7 - Trad
    Árni Stefán Halldórsen og Haukur Már Sveinsson - 2012
    Einn bolti en annars dótaklifurleið. Leiðin var upprunalega stigaklifurleið.
28. Kuldaboli 5.7 - Sport
    Kári Brynjarsson og Jónas G. Sigurðsson - 2019
    Fullboltuð 24m. Er með níu bolta og akkeri.





Turnarnir eru svæðið frá Uglunni og út að Gleymda turninum. Hér eru tvær af vinsælustu fjölspannaleiðum landsins, Svarti turninn og Rauði turninn.

29. Uglan - 5.6 - Sport
    Páll Sveinsson - 2016
    25m og 16 boltar.
30. Stúlkan í turninum - 5.7 - Sport
    Páll Sveinsson - 2016
    25m og 16 boltar.
31. Svarti turninn - P1: 5.7, P2: 5.8, P3: 5.3, P4: 5.8 - Sport
    Andri Bjarnason, Freyr Ingi Björnsson og Sveinn Friðrik Eydal - 2009
    Vinsælasta fjölspannaleiðin á Íslandi, svíkur engan.
32. Tveggja turna tal - P1: 5.7, P2: 5.8 - Sport
    Bjartur Týr Ólafsson og Jónas G. Sigurðsson - 2018
    Létt byrjun leiðir í snúna hreyfingu upp í stans og þaðan inn í stuttan stromp.
33. Angurboða - P1: 5.6, P2: 5.6 - Trad
    Bjartur Týr Ólafsson og Jónas G. Sigurðsson - 2018
    Þegar leiðin var klifruð var meiningin að klifra Loka en myndir af leiðinni ekki skoðaðar nógu vel. Því varð Angurboða til, en hún er dóttir Loka.

34. Hvannartak - P1: 5.5, P2: 5.5, P3: 5.5 - Trad
    Snævarr Guðmundsson og Árni Tryggvason - 1990
    Annar veggur vestan við Flatnasa. Brölt upp sprungu rétt hægra megin við hornið. Sprungan er áberandi og liggur upp til hægri. ATH, leiðin gæti mögulega verið nær Rauða turninum.
35. Rauði turninn - P1: 5.9, P2: 5.7 - Sport
    Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson - 1991
    Þrælskemmtileg leið en er gráðuð nokkuð stífar en aðrar leiðir á svæðinu. Hreinsuð, boltuð og kostuð af Snævarri.
36. Gleymdi turninn - 5.7 - Sport
    Snævarr Guðmundsson - 1994
    Mjög gróin og leiðir upp á gróið slabb. Flottur veggur fyrir ofan.




Hryggirnir og Hryggjaturninn afmarkast af Flatnasa í vestri og Fálkaklett í austri og á milli þeirra er Hryggjaturninn. Einnig er flottur veggur rétt austan megin við Flatnasa sem á eftir að skoða.

37. Flatnasi - 5.4-5 - Trad
    Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason - 1979
    Þægileg leið en er nokkuð gróin og eitthvað um lausa steina.
38. Axis - 5.4 - Trad
    Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson - 1991
39. Atlas - 5.7- Trad
    Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson - 1991
40. Hálsliðir - 5.6 - Trad
    Árni Tryggvason og Snævarr Guðmundsson - 1991
41. Fálkaklettur 5.4 - Trad
    Óþekkt
    Létt brölt upp ranann, nokkrar áhugaverðar hreyfingar í síðasta haftinu.



Að ofan: Snævarr Guðmundsson í frumferð Rauða turnsins (PS)

Annar hluti - Vetur í Búahömrum



55 gráður N er sennilega með vinsælli ísklifursvæðum á landinu og er leiðin 55 gráður N leið sem margir velja sem sína fyrstu WI 4.

1. Bobbysgil - WI 3
   Snævarr Guðmundsson og Björn Gíslason - 1986
   Farið upp gilið vestan við 55 gráður N. Aðal erfiðleikarnir felast í síðustu 15m.
2. 55 gráður N - WI 3+ / WI 4
   Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason - 1980
   Sennilega ein af vinsælustu ísleiðum á landinu. Upprunalega leiðin er vinstri útgáfan, klifruð í janúar en til hægri er WI 4 afbrygði sem var klifrað í desember sama ár af Snævarri Guðmundssyni og Jóni Geirssyni.
3. Skoran - WI 2
   Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson - 1980
   Afbrigði af 55 gráður N, hægra megin við hrygginn er skora sem gerir leiðina auðveldari og henni er hægt að fylgja alveg upp á topp.
4. 55 gráður N, beint - WI 4
   Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1982
   Sama fyrsta spönn og í 55° N en svo er haldið beint upp inn í erfiðasta kaflann.
5. Um helgi - WI 4
   Guðmundur Helgi Christensen - 1989
   Liggur upp kertið sem aldrei frýs alveg. Sögur ganga einnig af því að byrjunin hafi verið klifin í blönduðu klifri.
6. Óliver Loðflís - WI 4
   Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1987
   Kverk hægra megin við skoruna. Hér fyrir ofan er boltað akkeri sem er hægt að nota til að komast niður úr öllum hinum leiðunum sem eru á þessum vegg.

Lykkjufall nær yfir allar leiðir frá Brostna turninum og út að Tvíburagili. Hér eru tvær sumarleiðir og sex vetrarleiðir. Hér er áhugaverður veggur á milli Keflisins og Tvíburagils sem þarf að skoða.

7. Lykkjufall - vetrar - WI 4/5
   Óþekkt
8. Brostni turninn - 5.6 / M 3 X - Trad
   Árni Stefán Halldorsen og Haukur Már Sveinsson - 2012
   60m klifraðir í einni spönn vegna skorts á tryggingamöguleikum, 6 millitryggingar.
9. Húnn - WI 2+
   Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson - 1986
10. Afbrygði af Skráargatinu - WI 4
    Óþekkt
11. Skráargatið - WI 3
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1983
    Lítið ísþil sem endar í þröngri skoru. Annað gil á vinstri hönd í megingilinu.
12. Keflið WI 2
    Snævarr Guðmundsson - 1984


13. - 22. Tvíburagil, sjá á næstu síðu.



Til hægri: Guðmundur Helgi Christensen í frumferð leiðarinar Um Helgi (LÖS)

Tvíburagil er gil í Búahömrum, mitt á milli 55°N og Fýlabeinsturnsins. Í gilinu eru tvær ísklifurleiðir og sex mixklifurleiðir sem hafa verið klifraðar. Auk tveggja óklárаðra verkefna.

13. Tvíburafoss efri - WI 4
    Jón Geirsson - 1983
14. Himinn og haf - M 8 - Boltuð
    Róbert Halldórsson - 2008
    Stíf og tæp leið, sjaldan endurtekin.
15. Ólympíska félagið - M 7 - Boltuð
    Andri Bjarnarson og Freyr Ingi Björnsson - 2008
    Frægasta mixklifurleið landsins og ein sú mest klifraða. Leiðin byrjar í létt yfir hangandi bergi og fikrar sig til hægri undir íssillu. Yfirleitt vex kerti fram af syllunni þar sem er hægt að setja bakið í klippa í bolta og hvíla fyrir loka hreyfingarnar upp á silluna. Stundum vex kertið langt niður og það léttir leiðina umtalsvert ef hægt er að klifra margar hreyfingar með kertið í bakinu.
16. Síamstvíburinn - M 7+
    Guðmundur, Haukur Elvar, Ívar F. Finnbogason og Víðir Helgason - 2009
    Flott leið sem hliðrar í byrjun eftir veikleika í berginu og stefnir svo beint upp. Rétt eftir hliðrunina er hallandi silla sem verður að vera ísuð til að gráðan passi, er annars eitthvað erfiðari.
17. Leið í vinnslu - M 8-9 - Boltuð
    Matteo Meucci - 2016
    Áberandi lína upp hornið á milli Síamstvíburans og Tvíburafoss neðri. Hornið ísast stundum og myndar fallega en bratta og erfiða línu.
18. Tvíburafoss neðri - WI 4
    Jón Geirsson - 1983
    Snarpt kerti fyrst en endar svo í slabbi efst.
19. Hagsmunagæslan - M 5 - Boltuð
    Freyr Ingi Björnsson og Sveinn Friðrik Sveinsson - 2008
    Afbrygði af Helvítis fokking fokk, sameiginleg byrjun sem fer svo í gegnum eitt auka yfirhang.
20. Helvítis fokking fokk - M 4 - Boltuð
    Andri Bjarnason og Sveinn Friðrik Sveinsson - 2009
    Auðveldasta mixklifurleið svæðisins. Nafnið vísar til nýafstaðinar Búsáhaldabyltingar sem reið yfir landið í kjölfar hrunsins 2008.
21. Verkalýðsfélagið - M 8 - Boltuð
    Andri Bjarnason - 2009
    Byrjar í þaki og stífum hreyfingum í byrjun, stíf leið sem endar í smá ís ef hann er til staðar. Vangaveltur hafa verið uppi um að leiðin gæti verið erfiðari en M 8.
22. Leið í vinnslu - M 8-9 - Boltuð
    Matteo Meucci - 2018
    Brött leið hægra megin við Verkalýðsfélagið.






Til vinstri: Andri Bjarnason með heimasmíðaða skó fyrir frumferð Verkalíðsfélagsins (BH)



Til hægri: Róbert Halldórsson í frumferð Himins og hafs (BH)




Spólan er svæðið frá Tvíburagili og út að Rifjunum.

23. Platan - WI 3
    Magnús Gunnarsson og *Þorvaldur Þórsson - 1993*
    Leið upp lítið gil eða skorning neðst í Tvíburagili.
24. Afbrygði af Spólunni - M 4 (Gráða IV) - Trad
    Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson - 1987
    Fylgir Spólunni upp 1/3 leiðarinnar en beygir þá til vinstri og fer upp víða sprungu.
25. Spólan - WI 3
    Snævarr Guðmundsson - 1984
    Skemmtileg leið með erfiðu en stuttu ísshafti neðst og síðan upp ísað horn.
26. Rennan - WI 3
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1983
    Þröng 15m skora (renna) er erfiðasti hluti leiðarinar en hún er samtals um 30m.
27. 39 þrep - WI 4+ (Gráða IV)
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson 1984
    Erfiðasta leiðin í Búahömrum þegar hún var sett upp og er enn erfiðasta Ísklifurleiðin. Blanda af ís- og klettaklifri. Alvarleg leið í gleiðu horni.
28. Landkönnuðurinn - Snjór 1
    Óþekkt
    60m snjógil með litlum erfiðleikum en þá helst neðst.
29. Þrengslin - WI 2
    Óþekkt
    Þröngt gil með bröttu ísshafti efst. Á hægri hönd undir ísshaftinu er lítið ísgil.

Rifin eru þrír áberandi hryggir á endanum á löngum rana við hliðina á Fýlabeinsturninum. Hér eru þónokkrar leiðir og eitthvað af möguleikum fyrir nýjar leiðir.

30 - Bland í poka WI 4+ (Gráða IV+)
    Páll Sveinsson og Snævarr Guðmundsson - 1990
    Blönduð klifurleið vestan við Vesturrif. Alvarleg spönn þar sem brattur klettakafli er klifinn á þunnum mosa.
31. Þursabit WI 3
    Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson - 1989
    Tveggja spanna leið upp skoruna á milli Vesturrifs og Miðrifs. Þröngur lykilkafli og endar uppi á Miðrifi.
32. Skarð - Snjór 1
    Óþekkt
    50m snjógil sem liggur upp skarð í hömrunum. Nokkuð bratt við brúnina.
33. Strumpar - WI 2
    Óþekkt
    Einföld snjórás með bröttu ísshafti ofar.



Nálin og Nálaraugað eru sívinsælar leiðir í Búahömrum. Sitthvoru megin við Lokarif er hægt að finna ísleiðir í léttari kantinum.

34. Nálaraugað - WI 4
    Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson - 1984
    Þröng skora í neðri hluta sem víkkar ofar. Erfiðust fyrstu 30m.
35. Nálapúðinn - WI 4
    Jón Haukur Steingrímsson og Þorbergur Högnason - 1994
    Lítil skora um 10m frá Nálarauganu. Blönduð leið sem byrjar í klettum, er á ís um miðbikið og endar á klettum.
36. Þynkugufur - WI 2 / WI 3
    Snævarr Guðmundsson - 1988
    Þægileg snjólína með áhugaverðum ísköftum. Einfarin í frumferð.
37. Sléttuúlfur - WI 3/4
    Snævarr Guðmundsson og Björn Vilhjálmsson - 1992

Heimildaskrá

Íslenski Alpaklúbburinn. (1979). Ísklifurgráður. Fréttabréf Íslenska Alpaklúbbsins, 3. árgangur (11. tölublað), bls. 15 - 17.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1980). Klettagráður. Fréttabréf Íslenska Alpaklúbbsins, 3. árgangur (16. tölublað), bls. 21.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1985). Leiðarvísir Ísalp nr. 20 - Esja. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 1. árgangur, bls. 25 - 40.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1986). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 2. árgangur, bls. 52 - 56.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1987). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 3. árgangur, bls. 56 - 63.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1989). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 5. árgangur, bls. 46 - 52.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1990). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 6. árgangur, bls. 46 - 52.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1991). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 7. árgangur, bls. 33 - 39.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1992). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 8. árgangur, bls. 37 - 42.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1993). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 9. árgangur, bls. 38 - 43.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1994). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 10. árgangur, bls. 41 - 44.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1995). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 11. árgangur, bls. 43 - 49.

Íslenski Alpaklúbburinn. (1996). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 12. árgangur, bls. 50 - 59.

Íslenski Alpaklúbburinn. (2000). Fréttapistill. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 15. árgangur, bls. 37 - 42.

Íslenski Alpaklúbburinn. (2008 - 2009). Svarti turninn. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 19. árgangur, bls. 48 - 49.

Íslenski Alpaklúbburinn. (2008 - 2009). Mixklifur í Tvíburagili. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 19. árgangur, bls. 52 - 54.

Íslenski Alpaklúbburinn. (2008 - 2009). Annáll. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 19. árgangur, bls. 92 - 100.

Íslenski Alpaklúbburinn. (2016). Annáll. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 22. árgangur, bls. 90 - 96.

Íslenski Alpaklúbburinn. (2018). Annáll. Árskrit Íslenska Alpaklúbbsins, 24. árgangur, bls. 82 - 88.